

**3511. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
13. október 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2201152 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022

10. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnarkerfisins.

144. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 1232010 (uppbygging innviða).

9. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar
Endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis.

Lagt fram.

2. 2203037 - Mánaðaryfirlit 2022

Mánaðaryfirlit janúar til og með ágúst 2022.

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram.

Kristjana Helga vísar af fundi.

3. 2105073 - Félagslegt leiguhúsnæði kaup og sala

Möguleg kaup Hússjóðs Brynju á tiltekinni íbúð sem nýst getur skjólstæðingi Akraneskaupstað.

Bæjarráð samþykkir að Akraneskaupstaður leigi umrædda íbúð af Hússjóði Brynju og framleigi til skjólstæðings Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

Vegna fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem er haldin dagana 13. og 14. október var fundurinn í styttra lagi að þessu sinni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:05.

*Líf Lárusdóttir
Ragnar Sæmundsson
Valgarður L. Jónsson
Steinar Freyr Þránínsson
Steinar Dagur Adolfsson*